

Eptir úrslitum málsins og með tilliti til þess, að stefndi gaf tilefni til áfrýjunar málsins af hendi sækjanda, með því að áfrýja því til yfirdómsins með óþarflega löngum fresti, ber stefnda að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Aðalstefndi, Páll tannlæknir Þorkelsson, greiði aðaláfrýjandanum, S. E. Waage fyrir hönd J. Ó. V. Jónssonar kaupmanns, 20—tuttugu—krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 19. ágústmán.

Nr. 34/1889

Björn Jónsson

gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar af bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni gegn blaðstjóra og prentsmiðjueiganda Birni Jónssyni út af því, að Björn Jónsson ekki gjörði honum reikningsskil fyrir mánaðarritinu «Ídunni» árin 1884 og 1885, er þeir gáfu út í sameiningu, og var það dæmt 25. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að Björn Jónsson skyldi, gegn fullnægjandi skýrslu frá Kristjáni Þorgrímssyni um það, hvað til hans hafi goldið af andvirði nefndsrits I.—III. bindis frá kaupendum utan Reykjavíkur-

kaupstaðar — en innheimtu á því hafði Björn Jónsson —, að viðlagðri 3 króna sekt fyrir hvern dag, er hann lætur dómi þessum ófullnægt, gjöra Kr. Ó. Þorgrímssyni full reikningsskil af sinni hálfu fyrir tekjum og útgjöldum við útgáfu nefndra binda af mánaðarritinu «Íðunni». Svo var Birni Jónssyni og gjört að greiða 8 kr. sekt í landssjóð fyrir það að hann ekki kom á sáttafund og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Björn Jónsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 22. maímán. p. á., og krafizt, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eptir mati landsyfirdómsins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi mótmælt sókn áfrýjanda fyrir yfirdóminum og skírskotað til sinnareigin sóknar fyrir bæjarþinginu og rjettarkrafa þeirra, er hann gjörði þar.

Árin 1884 og 1885 gáfu málsaðilar út í sameiningu mánaðarritið «Íðunni», alls 3 bindi, og var svo um samið, að tjón eða ágóði af útgáfu ritsins skyldi lenda jafnt á báðum. Stefndi lagði til pappír, kostaði innheptingu og hafði útsölu ritsins á höndum hjer í bænum. Aftur skyldi áfrýjandi standa straum af prentun ritsins, undirbúning þess undir prentun og útsending um land allt utan Reykjavíkur. Um árslok 1885 hætti stefndi að taka þátt í útgáfu ritsins, gjörði reikning fyrir tekjum sínum og útgjöldum við útgáfuna bæði árin og heimtaði nú reikningsskil af áfrýjanda að hans leyti. Þegar nú áfrýjandi ljet það fyrir farast, kærði stefndi áfrýjanda fyrir sættanefnd 8. febr. f. á. Áfrýjandi lofaði þá að gjöra reikningsskil fyrir 10. marz næst eptir; þetta gjörði hann þó ekki; stefndi kærði hann þá enn fyrir sættanefnd og var sætt reynd í mál-

inu 18. sept. f. á. Þá gaf stefndi áfrýjanda frest með reikningsskilin til nýjárs 1889. Áfrýjandi fullnægði samt ekki sættinni, og kærði stefndi hann þá enn fyrir sættanefnd 13. febr. síðastl., en þá mætti áfrýjandi ekki á sáttafundinum og var málinu því vísað til dómstólanna.

Áfrýjandi telur sjer til sýknar, að hin heimtuðu reikningsskil sjeu sem stendur þýðingarlaus, með því enn sje ekki búíð að innheimta nærri fyrir kostnaði við útgáfu þeirra 3 binda af ritinu, sem málsaðilar gáfu út í fjelagsskap, og því geti stefndi að svo stöddu ekki haft neinn ágóða af útgáfu ritsins. En eins og stefndi ekki hefur farið fram á annað, en að áfrýjandi innti af hendi hin heimtuðu reikningsskil, og það því ekki snertir þetta mál, hvort tjón eða hagur hafi orðið af útgáfu ritsins, eins getur það, að stefndi hefur tekið við nokkru af andvirði ritsins frá utanbæjarmönnum, áu þess að gjöra áfrýjanda nægileg skil fyrir því — en þetta hefur stefndi að nokkru leyti viðurkennt —, ekki losað áfrýjanda við þá skyldu að sínu leyti að gjöra reikningsskil, er honum virðist mega vera innanhandar, jafnvel þótt stefndi ekki gjörði grein fyrir, hve mikið hann hefur innheimt hjá utanbæjarmönnum. Það verður því að fallast á það, að bæjarþingsdómurinn skyldar áfrýjanda til að inna þessi reikningsskil af hendi, og með því að hinn stefndi hefur eigi gagnáfrýjað dóminum, kemur eigi til álita spurningin um að breyta því ákvæði dómsins, að hinn stefndi eigi af sinni hálfu að gefa áfrýjanda fullnægjandi skýrslu um, hvað til hans hafi goldizt af andvirði mánaðarritsins «Íðunnar» I. — III. bindis frá kaupendum utan Reykjavíkur.

Með því nú yfirdómurinn einnig fellst á, að áfrýj-

anda með hinum áfrýjaða dómi er gjört að greiða 8 kr. sekt í landssjóð samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 eins og líka á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm.

Með því að hinn stefndi eigi hefur gjört kröfu til málskostnaðar fyrir yfirdómi, verður hann að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. septembermán.

Nr. 41/1889

Híð opinbera
gegn
Jóni Ívarssyni

D ó m u r :

Með dómi, gengnum fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 6. júní p. á., var hinn kærði Jón Ívarsson, til heimilis í Görðunum við Reykjavík, dæmdur samkvæmt 2. og 9. gr. laga 10. febr. 1888, um veitingu og sölu áfengra drykkja, í 30 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan, fyrir að hafa haldið uppi ólöglegum vínveitingum í veitingahúsinu «Geysi» í Reykjavík án vínsöluleyfis, en að öðru leyti var hann dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu.

Þessu máli hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Hinn kærði, Jón Ívarsson, hefur um nokkurn tíma